

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað orðanna „Norðurál hf.“ í 2. og 3. málsli. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Norðurál ehf.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. B-liður fellur brott.
- b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Félagið skal undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eftir undirritun samninga skv. 1. gr.

3. gr.

Fyrirsögn 9. gr. laganna orðast svo: **Innflutningur.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 62/1997 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um álver á Grundartanga. Eftir viðræður íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Norðuráls ehf. var ljóst að þörf var á tvenns konar breytingum á lögnum, annars vegar ákvæðnum breytingum vegna ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tengslum við stækkun álvers Norðuráls ehf., og hins vegar lögðu fulltrúar Norðuráls ehf. til breytingar á samningi sínum við ríkið sem kynnu að fela í sér breytingar á lögnum.

Með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 1. júní 2005, vegna eftirgjafar á sköttum og öðrum gjöldum í þágu álvers Norðuráls ehf. á Grundartanga, kom fram að stofnunin teldi að íslenskum stjórnvöldum bæri að grípa til viðeigandi aðgerða til að gæta þess að samningar við Norðurál ehf. fælu ekki í sér óeðlilega mismunun á ríkisstyrkjum til aðila. Stofnunin taldi að breytinga væri þörf bæði á fjárfestingasamningi íslenskra stjórnvalda og Norðuráls ehf. sem og á lögum nr. 62/1997. Tilgangur frumvarps þessa er að verða við tilmælum stofnunarinnar í framangreindri ákvörðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hlutabréfakaupum Century Aluminum Company á 100% hlut Columbia Ventures Corporation í Norðuráli hf. 28. mars 2004 urðu til Nordural Holdings I ehf. og Nordural Holdings II ehf., sem bæði eru dótturfélög Century Aluminum Company og að fullu í eigu þess. Hluthafar í Norðuráli hf. samþykktu 31. ágúst 2004 að breyta Norðuráli hf. úr hlutafélagi í einkahlutafélag, Norðurál ehf., frá og með 1. september 2004. Með greininni er heiti fyrirtækisins í lögunum breytt í samræmi við þessa breytingu á formi þess, þ.e. úr hlutafélagi í einkahlutafélag.

Um 2. gr.

Í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. júní 2005 er lagt til að fella brott svohljóðandi ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. gildandi laga: „Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 71. gr. laga nr. 75/1981 og A-liðar 2. gr., 6. tölul. 5. gr., sbr. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal 5% tekjuskattur lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögunum að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs“.

Enn fremur er lagt til að bætt verði við lögina ákvæði um að félagið skuli undanþegið breytingum sem kunna að verða á lagaákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar frá undiritun samninga skv. 1. gr laganna. Með breytingu þessari eru lögina samræmd öðrum lögum og samningum sem gerðir voru um álverksmiðju í Reyðarfirði, en sambærilegt ákvæði er að finna í 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003. Ástæða er til að gæta þess að starfsemi á sama vettvangi njóti sambærilegra kjara og aðilum sé ekki mismunað með sköttum og öðrum gjöldum.

Þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda undirrituðu samninga við Norðurál og Columbia Ventures voru í gildi lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæði núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, eru efnislega samhljóða ákvæðum þeirra að því er varðar frádrátt vaxtakostnaðar.

Um 3. gr.

Lagt er til að fyrirsögn 9. gr. laganna verði breytt í „Innflutningur“ og að tilvísun til útflutnings verði þar með felld brott. Er breyting þessi til samræmis við efnislegt inntak ákvæðisins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um breytingar vegna tekjuskatts á arði og frádráttar vegna vaxtagjalda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og útlit er fyrir óveruleg áhrif á tekjur til hækkunar.